

UMBOÐ TIL SKULDBINDANDI UNDIRSKRIFTAR ÁBYRGÐARYFIRLÝSINGAR Á TOLLSKÝRSLU OG GJALDFÆRSLU Á AÐFLUTNINGSGJÖLDUM



UMBJÓÐANDI

NAFN: _____

AÐSETUR: _____

KENNITALA: _____

VSK. NR: _____

GSM: _____

DAGSETNING: _____

NETFANG: _____



ALMENNT UMBOÐ



UMBOÐ VEGNA SENDINGA ÞAR SEM TOLLSKÝRSLUGERÐ ER GREIDD AF SENDANDA

AÐILAR SEM VEITT ER UMBOÐ TIL AÐ SKULDBINDA UMBJÓÐANDA

Nafn:

Kennitala:

Íslandspóstur ohf.

701296-6139

1. Íslandspóstur hf hefur starfsleyfi til tollmiðlunar skv.ákvæðum tollalaga nr.88/2005. Tollmiðlun Íslandspósts hf hefur leyfi Tollstjóra til tollmeðferðar með skjalasendingum milli tölva (SMT) og hefur því heimild til að láta tollstjóra í té með SMT þær upplýsingar og gögn sem afhenda ber við tollafgreiðslu og hefur þar með leyfi til að láta viðskiptamönnum sínum í té þessa þjónustu. Einnig veitir umbjóðandi Íslandspósti hf heimild til að opna sendingar í leit að reikningum.

2. Umbjóðandi gefur Íslandspósti leyfi til gjaldfærslu aðflutningsgjalda hjá Tollstjóra

Umbjóðandi staðgreiðir aðflutningsgjöld við afhendingu

Veitir umbjóðandi Íslandspósti hf fullt og ótakmarkað umboð skv. samningi þessum til að óska eftir skuldfærslu hjá honum á aðflutningsgjöldum vegna þeirra sendinga sem Íslandspóstur hf tollafgreiðir, í samræmi við þær heimildir sem hann hefur til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum. Umbjóðandi ábyrgist gagnvart Íslandspósti hf að hann hafi gilt leyfi til greiðslufrests á hverjum tíma og skuldbindur sig til að tilkynna Íslandspósti hf allar breytingar sem kunna að verða á leyfinu eða ef það verður numið úr gildi á meðan umboðið gildir.

Umbjóðandi ber að tilkynna Íslandspósti hf tafarlaust ef um vanskil verður að ræða á aðflutningsgjöldum og ef Tollstjóri hefur afturkallað leyfi, eða synjað um leyfi SMT tollafgreiðslu, eða heimild til greiðslufrests aðflutningsgjalda er felld úr gildi eða lækkuð. Íslandspóstur hf gerir tollskýrsluna í eigin nafni fyrir umbjóðanda, sem ábyrgist í einu og öllu að þær upplýsingar sem Íslandspóstur hf byggir tollskýrsluna á séu réttar.

3. Umbjóðandi ábyrgist gagnvart Íslandspósti hf að halda Íslandspósti hf skaðlausri af öllum kröfum sem kunna að spretta af tollafgreiðslu á vörum fyrir umbjóðanda, þ.m.t. þeirri ábyrgð sem kann að falla á Íslandspósti hf vegna rangrar tollflokknunar og ábyrgðar á grundvelli 33.gr. tollalaga.

4. Umbjóðanda ber skylda til þess að yfirfara tollskjöl innan 15 daga frá tollafgreiðslu og tilkynna Íslandspósti hf ef einhverjar athugasemdir eru, innan 15 daga. Að öðrum kosti verður litið svo á að umbjóðandi sé samþykkur Íslandspósti hf.

5. Verði Íslandspóstur hf látinn greiða eða ábyrgjast kröfur vegna aðflutningsgjalda innflytjanda skal deildin eiga kröfu til endurgreiðslu á þeim kostnaði ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum og innheimtukostnaði hjá honum.

6. Umboðið tekur gildi þann _____

Umboðið er uppegjanlegt af hálfu beggja aðila með 30 daga fyrirvara.

7. Nafn og kennitala forsvarsmanns umbjóðanda (ef fyrirtæki: _____)

Undirritaður veitir ofangreindum aðila / aðilum umboð til að undirrita skuldbindandi ábyrgðaryfirlýsingu á tollskýrslu yfir vörur sem tollafgreiddar eru á nafni og kennitölu umbjóðanda, sbr. 33.gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum. Einnig til að gjaldfæra á umbjóðanda undirskrift umbjóðanda (Prókúruhafi) aðflutningsgjöld skv. reglugerð nr. 1100/2006

Undirskrift umbjóðanda (prókúruhafi)